


# Agaþóðröðin 12

Þjálfun í jákvæðri framkomu og samskiptum fyrir börn



## 1 Mannhelgi barna

Munum að taka tillit til aldurs, kyns, skapgerðar og stöðu barns og göngum með gát um mannhelgi barnsins, aðgát skal höfð í nærveru sálar.

## 2 Barnalistafólk

Engin ein aðferð dugar á öll börn og þar af leiðandi mun ekkert hegðunarkerfi leysa vanda, heldur þarf listfengi viðbragðsflýtis og hugmyndaauðgi að ráða.



## 3 R-reglurnar

Kennum börnum einfaldar og sanngjarnar reglur, sinnum eftirfylgd þeirra af fullkominni alvöru og tökum ábyrgð á kennslunni á hjallískan hátt. Hálfkák dugar engum.



## 4 Agi og kærleikur

Látum aga og kærleika ganga hönd í hönd. Agi án kærleika er jafnvarasamur og kærleikur án aga.

## 5 Ögum okkur líka

Ögum börn og æfum sjálfs- aga okkar sjálfra samtímis. Gerum ekki kröfur til barna á barnasviði sem fullorðnir ráða ekki við á fullorðins-sviðinu. Hvað með umferðar-reglurnar?

## 6 Agi eða hegðunarslys

Höfum hegðunarkennsluna 99% jákvæða og fyrirbyggj- andi með æfingum, aðhaldi og eftirfylgd, aðeins 1% starfsins á að vera inn-grip þegar skaðinn er orðinn en þá þarf skyndihjálp.

## 7 Tökum alltaf eftir öllum

Ögum „upp“ og „niður“ og notum þannig agann til að kenna hegðun þar sem jafnmikilvægt er að þjálfar sumi í að taka meira pláss og aðra til að taka minna þannig að allir fái rétt- mætan hlut.



## 8 Það má ruglast

Ögum af hreinskiptni. Látum vita hvað er verið að æfa, hrósum þegar vel gengur og ef illa gengur má gera gott úr öllu. Æfingunum fylgja nefnilega mistök – og svo gengur bara betur næst.



## 9 Skemmtum okkur

Gerum ögunina að jákvæðu og skemmtilegu máli og höfum húmor fyrir því að glíma við hinn stórkostlega vilja í öllu sínu veldi.

## 10 Eftirfylgd og strax

Grípum hratt og örugglega inn á meðan skynsemin ræður enn ríkjum, bíðum aldrei þar til barnið hefur arkað yfir öll mörk og þolin-mæði hins fullorðna er skyndilega þrotin.

## 11 Agi og líka frelsi

Munum sem lokamarkmið að agað barn er ekki bælt barn, þvert á móti kann það að sýna þrúða hegðun þegar það á við en kann einnig að sleppa fram af sér tauminum í leik og ærslum þegar það á við.

## 12 Með góðu

Fáum barnið til að „vilja vilja okkar“ og vinnum hegðunarkennsluna „með góðu“ ef unnt er og alltaf án þess að niðurlægja barnið. Einhliða þvingun og valda- stjórn kallar einfaldlega á andstöðu og mótpróa.

